



ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN
NR. 6 - SEPT. '78



Ótgefandi: ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN, félag íslenskra áhuga-manna um fjallamennsku, pósthólf 4186, Reykjavík.

Blað þetta kemur út í byrjun annars hvers mánaðar, efni í það þarf að hafa verist ritnefnd fyrir 15. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Einar H. Haraldsson, s. 21586

Gjaldkeri: Guðjón Ó. Magnússon, s. 36059

Ritari: Ingvar Teitsson, s. 72236, vinna 29000-240

Varaform: Helgi Benediktsson, s. 86139, vinna 12045

Meðstjórn: Erlingur Thoroddsen, s. 19828, vinna 83599

--"--- Guðmundur Ingi Haraldsson, s. 10185, vinna 17400

Ritnefnd:

Abyrgðarm: Ingvar Teitsson

Aðrir í ritnefnd: Erlingur Thoroddsen

ritnefnd: Guðmundur Ingi Haraldsson

Magnús Guðmundsson, s. 30214

Sighvatur Blöndahl, s. 81637, vinna 10100

Ferðanefnd:

Einar H. Haraldsson

Guðjón Ó. Magnússon

Helgi Benediktsson

Torfi Hjaltason, s. 24726

Bókavörður: Einar H. Haraldsson

Efni þessa blaðs:	bjs.
Frá stjórninni.....	3
Félagsstarfið í summar.....	4
Alpaferð klúbbins - fyrri hluti.....	7
A Dyrhamri.....	15
Æfingaferð í Alpana.....	16
Fingurbjörg klifin í fyrsta sinn.....	21
Amérískur Karakorum leiðangur á latok I 1978.....	23
Af hæðarmælum.....	24
Messner fékk gull-„Alfreð”.....	29
Fjallalínur.....	31
Alparnir nái verða troðnir eins og markaistora.....	36
Ferðaþættun ÍSALP.....	39

Forsíðumyndin: Sveinn og Helgi á tindi Meissner-
horn í baksýn, sjá bls. 7-15.

FRÁ STJÓRNINNÍ:

Með þessum orðum er fylgt úr hladi o. tilibiliðinu af tímariti ÍSALP. Við biðjumst velvirdingar á hví, hvé hladi kemur seint, sumarleyfisferðir ritstjórnarmanna ofl. hafa tafid frægang þessa heftis. Auglýsingar eru nú með fleire móti. Síðasta blað varð mjög dýrt, og hefur klúbburinn ekki efni á að halda uppi útgáfu sem þeirri at árgjöldum félaganna einum saman. Hins vegar sýnir það sig nú strax, að veglegt blað er veruleg lyftistöng. Þmsir aðilar hafa nú negar sýnt áhuga á klúbbnum fyrst ng fremst vegna blaðsins. Undirritaður vill nú nota tækifærið enn einu sinni og hvetja félagana til skrifta. Hvernig er það, fóruð þið ekki eitthvað í sumarleyfinu?

Rétt er að geta þess, að kynningarbréf það, sem skrifad var á síðastliðnu vori til ýmissa erlendra aðila, hefur vakið töluverða athygli. M.a. var hér á ferð í júlí og ágúst dr. Hermann Vögeli, ritstjóri „Die Alpen“ en það er tímarit svissneska Alpaklúbbsins. Hafði hann skömmu fyrir komuna hingað fengið kynningarbréf okkar í hendur, og skrifaldi hann okkur þá þegar. Tveir úr stjórn ÍSALP ræddu gónða stund við dr. Vögeli og var það mjög fróðlegt. Nú mun svo hafa birst kynningargrein um ÍSALP í ágústhefti „Die Alpen,“ a.m.k. eru fyrirspurnarbréf strax farin að berast hingað frá Sviss, har sem vitnæd er í síða grein.

Ördráttur úr kynningarbréfinu mun einnig hafa birst í „Uff Belay,“ hinu þekkta bandaríkska fjallgöngutímariti. Sömuleiðis höfum við frétt, að kynningargreinar muni senn birtast í pýska fjallgönguritinu „Alpinismus“ og í tímariti franska Alpaklúbbsins. Er ekki að efa, að við getum ýmislegt lært af öðrum þjóðum í fjallameðnsku. Hljóta því samskipti við erlenda aðila, sem starfa á svipuðum grundvelli og við, að vera okkur nökkurs virði.

Húsnaðismál klúbbsins eru sem fyrr í deiglunni. Ekki er enn búið að finna neina viðhlýtandi lausn á heim, skaplegt húsnæði liggur ekki á lausu fyrir þann pening, sem við getum borgað. Leit að húsnæði verður þó að halda áfram, það væri hin mestu lyftistöng fyrir okkur, ef við kæmunst yfir eigið húsnæði af einhverju tagi. Ær hér með skorað á allra félaga klúbbsins að vera vel vakandi qagnvart hugsanlegu húsnæði, sem kynni að reka á fjörurnar. Allar upplýsingar um hentugt húsnæði væru stjórninni mikils virði.

Enn má nefna, að komið hefur til tals, að klúbburinn taki að nokkru að sér rekstur fjallaskála á hentugu æfingasvæði í grennd Reykjavíkur og fái þar há jafnframt einhverja forgangsstöðu. Þetta mál er þó enn í deiglunni og of snemmt að skýra frá því eða niðurstöðum þess í smáatriðum.

Ingvor Leitsson

FELAGSSTARFIÐ I SUMAR:

Hér á eftir fara greinar um þær þrijár ferdir, sem hafa verið farnar á vegum klúbbsins sí. Tvo mánuði. Fyrirhugur fera á Hengilinn féll niður vegna þátttökuleysis.

Uræfaferdin 29/6 - 2/7: Lagt var af stað frá Umferðarmiðstöðinni að morgni 29/6. Tveir fóru með áætlunar bíl Austurleiðar í Skaftafell, en þrír fóru á bíl undirritaðs. Véður var skýjad á Suðurlandi, en hlýtt og þurrt. Á Kirkjubæjarklaustri skruppum við upp á Systrastapa. Stóinn er brattur á alla vegu, skást er að lesa sig upp með aðsteð keiðju upp rauf sunnan á stópanum. Víðsýnt og fallegt er frá Systrastapa. Blómskrúð mikil var og þarna uppi, veldur því trúlega fridunin.

I Skaftafell komum við upp úr kl. 16. Þá var skýjad, en þó rofaði undir bakkann vestan í Öræfajökli. Mirtist að mestu bjart á hájöklinum. Um kvöldið skruppum við upp að Svartafossi og tókum okkur til fyrir jökulgöngu morguninn eftir, en venir stóðu til, að upp kynni að birta um nóttina.

Vekjaraklukkan vakti okkur kl. 02. fríttíð vor út, blæsti við fögur sýn: Hvannadalshnúkur og Hrútsfjallinn bœðuðu síu í fyrstu geislum morgunsólarinnar, og yfirleitt var léttskýjad. Var því rokið á fætur, og brátt var farið að suða á prímusunum. Fljóttlega fór þó að þykkna upp, og áður en varði hafði Hvannadalshnúkur sett upp skýjahatt. Sáum við hnókinn raunat ekki meir í þessari ferð. Við vorum þó hinir bjartsýnustu og ókum að Sandfelli, lögðum upp þaðan kl. 04³⁰. Við jökufröndina í 1000 - 1100 m hæð fórum við í lífur. Var há suðaustan strekkingur og þoka að sjá til hájöklutsins. Við héldum své á jökulinn og tylgdum lengi vel gömlum slóðum. Fríjkullinn líft sprunginn þarna neðan til. Stefnudum við skemmtu leið upp á brún hinnar miklu gígskálar, sem er í kollí Öræfajökuls. Fljóttlega komum við upp í þoku, og varð hún æ svartari eftir því sem ofar af.

Vær þarna einniq vaxandi rigningarsuddi.

Loks náðum við barmi gígskálarinnar í 1800 - 1900 m hæð um kl. 16³⁰. Há var skyggni mjög lítið og heldur vaxandi úrkoma, rétt sem snöggvast rofaði svo til, að sá í Rótarfjallshnúk, sem er mikilfenglegur klettur á suðurbarmi gígskálarinnar, 1848 m háár. EKKI þótti okkur fýsilegt að leita að Hvannadalshnúk með áttavita þarna í rigningunni. Snérum við því niður á bógin og vorum komnir í Sandfell um kl. 14. Við jökulröndina hittum við þá Þjóðverja, sem hafðist þar við einsamall í tjaldi. Kvaðst hann ætla að freista uppgöngu, þegar veður leyfði. Hafði hann þegar beðið þarna í 1 - 2 daga.

Morguninn eftir, laugardaginn 1/7, var þungbúið veður og rigningarsuddi. Var þá ákveðið að fara í „sléttulabb“ inn í Morsárdal og skoða það, sem þar væri að sjá. Töltum við svo inn þægilegan stíginn yfir Skaftafellsheiðina og niður í gegnum skóginni niður að Morsá. Héldum við fyrst yfir í Bæjarstaðarskógi, óðum yfir Morsá, sem var tæplega í hné. Svo héldum við út að portinu, þar sem Skeiðará kemur undan austurhorni Skeiðarárjöklus. Er tilkomumikið að sjá, hvænig án spýtist undan jökulsorðinum með boðaföllum og hræðar sér svo áleiðis til sjávar.

Næst skoðuðum við gil eitt mikið, sem gengur norðvestur í fjöllin skammt vestan Bæjarstaðarskógs. Skv. korti er gil þetta í Vesturdal. Vorum við þarna lengi dags að bröltu í klungrinu, en þetta er fjölbreytilegt og skemmtilegt gil. Sérkennilegt var, að án, sem rennur niður gilið, hvarf með öllu í sandinni stutt framan við gilkjaftin.

Veðrið fór skánandi, er á daginn leið, og bæði Kristínertindar og hinn hrikalegi Skarðatindur tóku ofan skýjahatta sína undir kvöldið. Stöðugt heyrðust drunur og dynkir frá Morsájöcli, þar sem hann steypist ofan fyrir hamranu í botni Morsárdalsins. Niður í Skaftafell vorum við komnir um kl. 9 um kvöldið og varð ekki frekar úr fjallgöngum í Üræfasveit að þessu sinni, enda fór rútan frá Austurleið í bæinn um hádegi murguninn eftir. Við prír, sem á einkabíl vorum, gengum þó á Höttu í Mýrdal á heimleiðinni. Hatta er 512 m háár tindur rétt norðan við kauptúnið í Vík. Vorum við 30 mínútur þar upp frá Þjóðveginum vestan fjallsins og höfðum sannarlega árangur sem erfidi, því að af Höttu er mikið víðsýni.

Ingvar Teitsson



Hrútfell við Kjalveg - á góðviðrisdegi Ljósm. Páll Jónsson

Hrútfellsferdin 18.-20. ágúst: Föstudaginn 18. ágúst sl. var farin ferð á vegum klúbbsins að Hrútfelli við Kjöl. Páttakendur voru 12 talsins. Lagt var af stað frá B.S.I. kl. 18 og ekki sem leið lá í þjófadali, har sem slegið var upp tjöldum og gengið til náða.

Læugardagur 19. ágúst: Veðurútlit var óhagstætt. Póka og rigning. Guðjóni Magnússyni fararstjóra pótti ekki ráðlegt að halda á Hrútfellið af þeim sökum og breytti áætlun, svo að haldið var í skriðjökulinn norðan við Fjöruhlíð. Fúlakvísl reyndist aðeins farartálmi, en Magnús Guðmundsson vílaði ekki fyrir sér að afklæðast og vaða ána og kanna ála hennar og finna ágæta leið yfir.

Með í ferðinni voru hýsk hjón, hr. Klaus Nauratil og frú, sem komu með eftir áðurgengin bréfaskipti við Ingvar Leitsson, sem greiddi götur þeirra og benti þeim m.a. á þessa ferð. Klaus er kennari við fjallaskúla í Austurríki, og tók hann að sér leiðsögn í notkun brodda og ísaka. Pótti öllum, sem notu handleiðslu hans, að varla hafi þeir fengið betri tilsiðn í þeim efnunum. Úg vil ég nota tekifarið til að þakka honum fyrir frá-

bæra tilslögn.

Dagur leið að kveldi, og komum við til baka í tjálubú-irnar um kl. 19, klafvot eftir Fúlukvísl.

Sunnudagur 20. ágúst: Veðurútlit óhagstætt. Loka og rigning eins og daginn ádur. Því var ákveid að halda heimleidis, með viðkumu í sundlauginni á Hveravöllum og smáviðkumu í Kerlingarfjöllum, þar sem þau Klaus og frú urðu eftir. Komið var til Reykjavíkur um kvöldverðarleytið.

Erlingur B. Thoroddsen

ALPAFERÐ KLÚBBSINS - FYRRI HLUTI:

Eins og getið hefur verið um ádur í blaði ÍSALP, var á sl. hausti farið að undirbúa Alpaferð á vegum klúbbsins. Í vorvarð ljóst, hverjir fáru í þessa ferð: Þararstjóri Helgi Benediktsson, aðrir þátttakendur Ingvar Teitsson, Sveinn Sigurjónsson, Ávar Aðalsteinsson og Örvar Aðalsteinsson. Auk þess var rádgert, að Sighvatur Blöndahl fári með út og yrði með hópnum fyrstu vikuna eða svo.

Sexmenningarnir hittust svo reglugæg og fóru í æfingarfördir saman, yfirleitt tvívar í viku síðasta tímann fyrir utanferðina. M.a. var fárin æfingarförð í Gígjökul og gengið upp á Vestari-Skolt á Eyjafjallajökli. Tinnig var æft kletta-klifur á Þingvöllum, farnar allmargar kvöldferðir á Esju o.fl.

Hriðjudaginn 8/8'78 var lagt af stað, flögð til Luxemborgar, þar sem beið okkar bílaleigubíll frá InterRent. Við ókum strax af stað frá Lux. um kvöldið og stefndum upp til Mið-Sviss. Fyrst var ekid inn í Vestur-Þýskaland yfir ána Mosel, þar sem þjóðverjar, gráir fyrir járnum, athuguðu vegabréf okkar fullir tortryggni. Ókum við svo til þýsku borgarinnar Saarbrücken, þaðan eftir hraðbraut inn í Frakkland og suður til Strassborgar við Rín, þar sem við fórum inn í Vestur-Þýskaland á ný. Eftir það ókum við eina af þekktustu og bestu hraðbrautum Þjóðverja upp með Rín, allt til Basel í Sviss. Var þá komin nótt, en við ókum áfram til suðurs, gegnum Bern, höfuðborg Sviss, og áðum loks í Interlaken, sem er ferðamannamiðstöð í mjög falllegu umhverfi, rétt norðan við fjallasvæðið í Berner Oberland, helsta



Finsteraarhorn, séð frá Grünhornlücke

fjallasvæði Mið-Sviss. Þar tjölduðum við í hellirigningu um kl. 03 um nóttina.


Morguninn eftir var þungbúið veður og rigndi öðru hvoru. Ekki sá þá til háfjallanna, og ljóst var, að ekki yrði átt við þau þann daginn. Búðaráp og bjórdrykkja voru helstu viðfangsefni dagsins, en um kvöldið ókum við upp til bæjarins Grindelwald, sem er mikil fjallgöngumiðstöð í ca. 1000 m hæð rétt norðan undir hinu fræga Eigér-fjalli. Þar vorum við um nóttina, fréttum um kvöldið, að veðurspáin væri batnandi, en mikil nýsnævi í háfjöllunum.

Næsta morgun, 10/8, var ögn bjartara yfir, svo að sá upp í hinn hrikalega norðurvegg Eigér-fjalls. Þá lögðum við á fjölli, tókum lest úr Grindelwald upp í Jungfraujoch í 3450 m hæð, en sá staður er egl. skard milli stórfjallanna Jungfrau og Mönch. Í þessari lestarferð urðum við ápreifanlega varir við tvennt, sem áberandi er í Sviss: í fyrsta lagi gífurlega hátt verðlag, en fargjaldið upp í Jungfraujoch og niður aftur kustaði jafnvirði 11.800 ísl. króna. Í öðru lagi var testin troðfull af japönskum og bandarískum ferðalöngum. Atti hin gífurlega mannmeyð á öllum þekktari stöðum Alpanna, hátt sem lágt y. sjú, eftir að fara töluvert í taugarnar á undirritum.

Í Jungfraujoch óxluðum við bakpoka okkar, sem voru í þyngra lagi, og bundum okkur í línum. Veður var þá þungbúið og rosaský á öllum hærri fjöllum, en sól annað veifið á jöklunum milli fjallanna. Við gengum niður krosssprunginn jökulinn Jungfrau-

firn, suður frá Jungfraujoch-stöðinni, niður að sæluhúsinu Konkordia, sem er í eigu svissneska Alpklúbbsins. Stendur sæluhúsin á klettasyllu í 2850 m hæð, rétt við efri mörk skriðjökulsins Grosser Aletschgletscher, mesta skriðjökuls Alpanna. Geysilangur stigi, ein 315 þrep, liggur upp klettavegginn frá jöklinum upp á sæluhús-sylluna.

Í Konkordia gistum við um nóttina, höfðum pantan þar pláss áður símleiðis. Þótti mér þar strax bera á hví, sem þó var meir áberandi síðar, að Svisslendingar eru stirðir á manninn og þumbralegir við útlendinga. Miklu alþýðlegri þóttu mér þjónðverjar, sem margt er um barna í svissnesku Ölpunum. Sérkennilegt var um kvöldið, þegar við vorum að ganga til náða, að við vorum allir með hraðan og bankandi hjartslátt, púls ca. 100 á mínútu. Var það án efa afleiðing af hinu þunna fjallalofti, sjá bls. 17 í 4. tölublaði ISALP.



Morguninn eftir var komið hið besta veður. Við héldum af stað úr Koncordia á 7. tímanum, og var ætlunin að fara um daginn yfir skarðið Grünhornlücke að Finsteraarhorn-sæluhúsinu, sem stendur undir samnefndu fjalli, hinu hæsta í Mið-Sviss. Á leiðinni skyldi gengið á fjallinu Weissnollen, sem er fast við Grünhornlücke.

Frá Koncordia fylgdu við slóð frá deginum áður allt upp á Grünhornlücke, þaðan sem fjallrisinn Finsteraarhorn blasir við í norðaustri. Af skarðinu lögðum við svo upp á Weissnollen. Er fyrst farið upp bratta hlíð, sem var þakin hjarni, ágætis broddafæri. Eftir

A leið upp á Weissnollen

það er klifið upp hrygg, til skiptis berg og ís, allt upp á tindinn, 3594 m, rúmlega 500 m hækkan úr skarðinu.

Petta var fyrsti Alpatindurinn, sem farið var á í ferdinni og raunar sá fyrsti, sem undirritaður hafði komið á. Eftir skamma viðdvöl á tindinum héldum við niður sömu leið og síðan áfram eftir jöklinum til Finsteraarhorn-seluhússins, sem er fremur gamall þrílyftur skáli suðvestan í samnefndu fjalli. Þar reyndist óvenju fátt um manninn, rétt skálavörðurinn og fáeinir Þjóðverjar. Gekk því greiðlega að fá næturgistingu, en daginn eftir skyldi Finsteraarhorn klifið.

Morguninn eftir lægðum við upp um kl. 04³⁰ í fegursta veðri, en hörkufrosti. Héldum við skáhallt upp vesturhlíð Finsteraarhorns og stefndum upp á hrygg þann, sem gengur til NV frá hátindinum. Komum við upp á hrygginn, þar sem heitir Hugisattel, en þaðan er ca. 200 m hækkan upp á hátindinn, farið upp brattan klettarinda, sem nú var mikið af snjó og ís í.

Þarna uppi var hörkufrost, en nær algjört logn. Kólnaði okkur því mjög á tánum. Undirritaður hafði þó farið í „föðurland“ sitt um morguninn og var því aldrei mjög illa haldinn af kuldánum. Þegar ofar dró á hrygginn, náði sólin líka betur til okkar, og hlýnaði okkur þá fljótt. Að hæsta tindinn, 4274 m, náðum við rétt fyrir kl. 10, eftir 5 klst. göngu og klifur. Var einkum síðasti spölurinn seinfarinn, en þar skiptist á ótryggur snjór, svell og berg. Mátti þar lítið út af bera, því geysihátt hengiflug var út af hrygnum til beggja hliða.

Ótsýnið frá Finsteraarhorni var mjög stórfenglegt þennan dag, enda loftið tært. Næst okkur sáum við ofan á kollinn á hinum fjöllunum í Berner Überland, s.s. Tiger, Mönch, Jungfrau, Gross Grünhorn og Gross Wannenhorn. Fjær blöstu við bergrisarnir í Wallis í Suður-Sviss, s.s. Monte Rosa, Drom, Matterhorn og Weisshorn. Enn fjær gægðist hvítur kollurinn á Mont Blanc upp yfir tindinn á Gross Aletschhorn, sem er annars næsthæsta fjallid í Mið-Sviss.

Auk okkar Íslendinganna voru þennan dag aðeins tveir Þjóðverjar á Finsteraarhorninu. Voru það hressilegir miðaldrá menn, sem daginn áður höfðu komið með okkur frá Konkordia-seluhúsinu. Á tindinum drógu þeir upp romm-fleyg og gáfu hverjum okkar ör lítið staup um leið og þeir kölluðu: „Bergheil.“ Mætti þýða þá kveðju efnislega með: „Heill á fjöllum.“



A leið niður af Finsteraarhorni: Sveinn (á undan) og Helgi

Punna loftið parna uppi sagði mjög til sín. Við mæudumst við minnstu áreynslu, og græðgi undirritaðs í mat og drykk var nú öll rokin út í veður og vind - gerðist það hvorki fyrr né síðar í allri ferðinni.

Niður í séluhús komum við rétt fyrir kl. 13 um daginn, hvíldum okkur þar um stund, en héldum svo rakleitt yfir í Konkordia-séluhúsið aftur. Var sólin mjög sterk parna um hádaginn og hræðilega heitt og mollulegt parna í hvítum snjónum. Vorum við því ósparir á sólkremið, og ekki veitti af því að hafa dökk gleraugu.

Morguninn eftir átti að klífa Jungfrau, en ungfrúin var búin að setja upp flókahatt úr skýjum, þegar við litum fyrst út um nóttina. Var hún þá ekki árennileg. Lögðum við loks af stað á 6. tímanum um morguninn og stefndum upp í Jungfraujoch, þá var komin hoka og versnandi veður. Er við loks náðum upp eftir, mátti heita stórhrið, og snjóflóð féllu annað veifið með drunum og dynkjum úr suðurhlíð „ungfrúarinnar.“ Þóttumst



Monte Rosa: Dufourspitze er dökki kollurinn t. hægri á fjallinu

við heppnir að halda þó slóðinni, því að skyggni var nært ekkert síðasta spölinn.

Að kvöldi sama dags ókum við frá Grindelwald áleiðis til Suður-Sviss. Fórum við suður í gegnum fjöllin í Mið-Sviss með bílferju frá þorpinu Kandersteg, sem er alllangt sunnan og vestan Interlaken. Þessi ferja er esk. járnbrautarlest, sem bílum er ekið inn í. Við ókum rakleitt áleiðis upp til bæjarins Zermatt, sem er frægasta fjallgöngumiðstöðin í Suður-Sviss. Vegna skorts á bílastæðum í Zermatt er ekki leyft að aka alla leið þangað upp eftir. Skildum við því bíl okkar eftir í þorpinu Täsch, nokkru neðar í sama dal, og fórum síðasta spölinn með lest. Í Zermatt trúðum við okkur úr rigningunni inn á farfuglaheimili og áttum þar góða vist um nóttina.

Um sexleytið morguninn eftir vaknaði ég og varð lítið út. Blasti þá við mjög svo eftirminnileg sýn: Himinninn var örðinn skafheiður, og Matterhornið, drifhvítt af nýsnævi, laðaði sig í fyrstu geislum rísandi sólar. Niðri í Zermatt, í þriðingum dalbotninum, var hins vegar enn hálfrökkur.

Góða veðrið virðist etta að haldast eitthvað áfram. Ákváðum við þá að reyna við Monte Rosa, hæsti fjall Sviss. Fennan dag, 14/8, fórum við svo með lest upp úr Zermatt til brautarstöðvarinnar Rotenboden í rúmlega 2800 m hæð. Þaðan gengum við eftir stígum yfir gil og skriðjökla til séluhússins Monte Rosa Hütte, er svissneski Alpaklúbburinn á, eins og flest önnur meiri háttar séluhús í fjöllum Sviss. Séluhúsið stendur á melhjalla í ca. 2800 m hæð neðst í norðvesturhlíð Monte Rosa og er hið vistlegasta. Var þarna mikill manngrúi og hvert rúm skipað um nóttina. Ótsýni frá séluhúsinu er mjög mikilfenglegt. Næst blasa við stórfjöll eins og Lyskamm (4480 m), Castor (4426 m) og Pollux (4091 m). Fjær eru svo fjöll eins og Breithorn (4165 m), Matterhorn (4478 m) og Dent Blanche (4357 m).

Um nóttina vöknudum við um kl. 02 og lægðum upp um 03, var þá enn svartamyrkur og allir því með ennisljós. Léttskýjað var og kalt, þó tæpast sami gaddurinn og á Finsteraarhorninu. Fyrst er farið upp melhrygg frá séluhúsinu, síðan taka við fannir og jöklar, sem ekki eru þó teljandi sprungnir. Er þetta snjólabb



Ótsýni frá Monte Rosa Hütte: Castor (í miðju) og Pollux (t.h.)



A hæsta tindi Sviss: Frá v: Sveinn, Ingvar, Ávar og Helgi

hér á landi.

Nokkuð tafði það okkur á leiðinni upp, hve mannfjöldinn á fjallinu var mikill. Við hótindinn mátti heita, að væri biðrød á síðustu kletthöftunum. Við Íslendingarnir vorum joks kemnir upp á ll. tímanum um morguninn, eftir 7-8 klst. ferð nedan úr séluhúsinu. Veðrið var ekki síður bjart en á Finsteraarhorninu. Segja mátti, að við sæjum yfir alla Alpana eða fast að því. Fjöll eins og Mont Blanc, Weisshorn, Matterhorn og Finsteraarhorn virtust rétt á næsta leyti, og til suðvesturs blasti við mikil tindaröð á landamærum Frakklands og Ítalíu, að líkendum allt suður undir frönsku Rivieruna. Í austri mátti einnig greina endalausar ráðir hárra tinda: Austurrísk-Ítölsku Alparnir.

Niður í Monte Rosa Hütte komum við aftur kl. 3 síðdegis. Töfðum við þar lítið, héldum fljóttlega yfir til Rotenbodenstöðvarinna og sve niður í Zermatt með Jestinni.

Næstu two daga vorum við að mestu um kyrrt f Zermatt og

allt upp fyrir 4000 m
hæð.

Hæsti hluti Monte Rosa er hryggur með stefnu A-V, nefnist hæsti kollurinn Dufourspitze, 4634 m y. sjó. Við komum upp í lítið skard í þessum hrygg í ca. 4350 m hæð og vorum þá að verða mjög máttlausir vegna hæðarinnar. Þar spenntum við á okkur mannbrotta og sve hófst klifur, ekki ósvipað klifrinu á efsta rindanum á Finsteraarhorninu. Hér skiptust á snjóhryggir, hjarnbrekkur, sveil og berir klettar, en hvarvetna voru þó nægar tryggingar, enda hver steinn jardfastur og öruggur, gagnstætt því, sem væri

nóggrenni, enda veður ekki hagstætt til meiri háttar fjallaferða. Þann 18/8 héldum við svo frá Sviss til bæjarins Chamonix við rætur Mont Blanc í Frakklandi. Verður nánar sagt frá síðari hluta ferðarinnar í næsta tölublaði ISALP, No 7. Látum við því hér staðar numið að sinni.

Ingvar Teitsson

A DYRHAMRI

Það sýður í pottinum hjá Arnóri. Litlu seinna sýður í mínum potti einnig. Nýlögud súpan rennur ljúflega niður. Veðrið er eins og best verður á kosið, sólskin og logn. Hiti 8°C . Það er létt yfir færðafélögunum. Við erum stödd á Hvannadalshnúk hinn 6. ágúst síðastliðinn, 18 manna flokkur frá Ferðafélagi Íslands. Fararstjóri er Helgi Benediktsson, varaformaður ISALP.

Það er farið að líða á dag, en á niðurleiðinni tekur þó rúmlega helmingur hópsins á sig krók niður að Dyrhamri, kletti nokkrum, suðvestan við Hvannadalshnúk, 1911 m háum yfir sjó. Hamarinn er klofinn í Efri og Neðri Dyrhamar og dyr miklar á milli. Etlunin er að klífa þann efri, en á hvorugan hefur nokkur maður stigið fæti áður, svo vitað sé.

Von bráðar komum við að Hamrinum. Leggja þeir Helgi, Simmi og Arnór ótraudir í fönnina upp á Hamarinn. Reynist hún auðveld og bratti aðeins verulegur á efri hlutanum, 10-12 m kafla. Þykir þá okkur minni spámönnunum okkar stund upp runnin. Leggjum við Stebbi og Hjalti á brattann og erum von bráðar komnir upp.

Þykjumst við nú heldur en ekki menn að meiri að hafa klifið þennan geigvænlega „tind“ fyrstir fjallakappa. Heldur spillir þó ánægju okkar þarna í upphæðum, að félagar okkar fjórir, sem fyrir neðan bíða, eru aðeins 30 m neðar en við. Skamma viðdvöl höfum við því uppi, og niður förum við hver af öðrum tryggðir með „garðslöngunni“ hans Hjalta, en svo er hin mikla ísöxi hans kölluð vegna byggingarlags síns.

Það er tekið að kvölda, svo að við tefjum ekki frekar, en höldum af stað yfir sléttuna og sem leið liggur niður að Sand-

felli, en þangað komum við, þeir síðustu, kl. 11³⁰ um kvöldið eftir tæplega 16 tíma göngu. Allir eru ánægðir með dagsverkið, þótt lúnir séu, og menn eru fljótir að skrifða í pokaniðri í Skaftafelli og hverfa á vit draumalandsins, þar sem hin mestu fjallgönguafrek eru jafnan unnin.

Magnús Guðmundsson

ÆFINGAFERÐ I ALPANA

Ferð þessi var farin á vegum Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík, og voru þáttakendur þessir: Guðjón Ó. Magnússon, Jón E. Rafnsson, Óli Ragnar Gunnarsson, Rúnar Norquist og Þór Ágísson.

Ferðin hófst 3. júlí síðastliðinn með því að flogið var til Luxembourg. Þar beið okkar bílaleigubíll, sem pantadur hafði verið hér heima. Síðan var sett í 4. gír og ekid sem leið lá suður til Chamonix, sem er fjallaþorp við rætur Mont Blanc.

Það sem skyldi vera aðalverkefni okkar í þessari ferð, var klifurnámskeið í International School of Mountaineering, en þeim skóla veitir hinn kunni Peter Boardman forstöðu. Einkunnarorð ISM eru: „lítíð er fagurt“ (small is beautiful) - eru því fáir nemendur á hvern kennara eða tveir á móti einum. Skólinn kynnir mönnum háalpafjöll, og fer kennslan að mestu leyti fram þar. Veitir skólinn því góðan undirbúning fyrir fjallamenndu í erfiðu umhverfi. Námskeiðið hófst ekki fyrr en 8. júlí, og þar eð við höfðum nokkra daga til ráðstöfunar fram að þeim tíma, þá var ákveðið að skreppa til Chamonix og kaupa útbúnað. Síðan var haldið á námskeiði, en ISM er til húsa í Leysin í Sviss.

Kennarar okkar voru þrír. Fyrst skal nefna Peter Boardman, sem þekktastur er fyrir að hafa klifið Changabang eftir hinum bratta vesturvegg og Everest eftir erfiðustu leiðinni, þ.e. hinni bröttu suðvesturhlíð. Aætlanir hans á þessu ári eru, auk kennslunnar í skólanum, ný leið á norðurveggnum á Nuptse, Kangchenjunga (tvær ferðir) og þvers yfir Carstensz Pyramide í Nýju-Guíneu í fyrsta skipti. Aðrir kennarar á ISM voru Gordon

Smith, sem klifið hefur til Capitan og prisvar upp norðurvegginn á tiger, taldi hann þann vegg langt frá því að vera þó erfidaðst, sem hann hefði farið. Friðji kennarinn var Guy, sem klifið hefur norðurvegginn á Matterhorn og farið nýja leið á norðurveggnum á Mönch.

A fyrsta degi námskeiðsins var hópnum skipt í tvennt, þar sem nú skyldi reyna, hvor við kynnum fyrir okkur í Artificial klifri. Guðjón og Jón fóru með Guy, en Þór, Óli og Rúnar fóru með Gordon. Það sem réði því, að við fórum í A-2 klifur fyrsta daginn, var nefnilega sú einfalda ástæða, að það var rigninu, en þar sem kletturinn slútti 7 m fram yfir sig, blotnuðum við ekki. Pennan dag kom í ljós, að þátttakendur gátu meir en bæji þeir og kennarnir höfðu haldið, svo það var ákveðið að gera eittthvað stórt daqinn eftir.

A öðrum degi fórum við í 400 m langan klettavegg, Grand Muveran direct route, en það er af gráðu D+ með hreyfingum af 4. gráðu og nokkrum af 5. Tók sú leið okkur 5-6 tíma. Það var gaman að fylgjast með Guy og Gordon klifra, því það var ekkert, sem virtist vera vandamál fyrir þá, hvert þeirra handtak vor hugsað og öruggt, hver trygging pottpétt.

A priðja degi ókum við suður til Chamonix, en ætlunin var að dvelja þar milli þess sem við æfðum ís- og snjó-klifur á Mont Blanc-svæðinu. Við byrjuðum á því að fara í SIMUND-verksmiðjurnar, en Gordon fær allan sinn útbúnað frítt frá þeim. Þar voru okkur fengnar í hendur ísaxir og íshamrar, sem rétt nýlega var hafin framleiðsla á. Pennan dag fórum við í skridjökul, Glacier des Bossons, sem er rétt utan við Chamonix, og prófuðum m.a. ísaxirnar, sem reyndust það albesta, sem við höfðum lagt hendur á, enda fór það svo, að við keyptum allir eina eða fleiri ísaxir frá SIMUND.

A fjórða degi fór að færast spenna í leikinn, því þá fréttum við, að fara ætti með okkur í snjóklifur, sem væri bara fyrir menn með loðna bringu og burra löfa. Leidin sem fara átti, var norðurveggurinn á Les Courtes (Swiss route), ein erfidaðasta ísklifurleið í Ölpunum. Hæðarmunur er þar 1200 m, endað í 3800 m hæð. Pennan dag gerðum við ekki annað en að koma okkur upp í skála, sem nefnist Argentiére og er í 2600 m hæð, en þaðan er lagt af stað í Les Courtes.

Kl. 02 aðfaranótt fimmta dagsins var svo lagt af stað í



A hattusvænum í hlíðum Les Courtes

degi, þegar við vorum að verða búinir með 2/3 af leiðinni, að stærðar snjóflóða féll á Peter, þar sem hann stóð í ca. 70° hálfa. Af einhverjum óskiljanlegum ástædum gat hann stæðið flóðið af sér. Þá var ákvæðið að halda út í kletta, sem voru til hlíðar við ísbrekksuna, og hugsa okkur ráð. Við vorum þó varla hálfnádir þangad, þegar stærðar snjóflóða féll. Peter var þá búinn að tryggja sig og var að tryggja Þór upp, en hann var sá eini, sem var að klifra þetta augnablik. Það skipti engum tegum, að flóðið fleytti Þór af stað, en hann fór ekki langt, því að Peter brást ekki, heldur hélt hár, þar sem hann stóð sjálfur á kafi í snjóflóðinu.

Eftir þetta var engin spurning um, hvad ætti að gera. Um leið og við komumst út í klettana, var farin að undirbúa að sígur niður. Fátt markvert gerðist ó leiðinni niður, en það tók

Les Courtes. Það var greinilegt strax í upphafi, að þetta yrði erfitt, því klöfðjúpur, blautur snjör var í byrjun brekkunnar. Síðan jókst halli brekkunnar mjög skyndilega, og var ca. 15-25 cm snjólag yfir hlíðinni, sem var ísiltugð undir. Um leið og sólin kom upp, fór snjórinna að skríða og ísmolar að losna. Það leið heldur ekki á lüngu þar til fyrsta snjóflóðið féll á okkur, en við stóðum það af okkur. Eftir þetta féllu snjóflóðin hvert á fetur öðru, ýmist á okkur eða í kringum okkur, og gerdu hattuna, sem þessu klifri var samfara, miklu meiri.

Það mun sve hafa verið rétt undir há-

okkur ó klst. að síga niður (tveir Pólverjar höfðu best í hópinni).


A síðasta degi námskeiðsins var ekkert slakat á, þrátt fyrir, að dagurinn óaur hefði verið 20 tíma „túrn.“ Þá var farid í klettaklifur á stað, sem heitir Papillon Ridge. Það var mjög skemmtilegt klifur með hreyfingum af 4. og 5. gráðu. Var það góður endir á góðu og eftirminnilegu námskeiði.

Eftir að námskeiðinu lauk, hljóðaði dogskráin hjá okkur upp á Tiger og/eða Jungfrau. Við ókum síðan til Grindelwald, og þar var okkur tjáð, að bessir fjallrisar væru ófærir uppgöngu sakir fannfergis. Þar sem við höfðum flestir fengið nóg af snjóflóðum í bili, var ákveðið að hætta við bessi fjöll, en eyða í staðinn þeim dögum, sem eftir voru, á Mont Blanc svæðinu.

Það voru hálfgerðir letidagar, sem nú fóru í hönd, þar sem veður var ekki sem best. Eyddum við þeim í klifur í nærliggjandi klettum og búðaráp, settumst svo gjarnan á bjórkrá að loknum „erfiðum“degi í verslunum.

I Chamonix er upplýsingastöð fyrir ferðamenn, þar sem er m.a. hægt að fá upplýsingar um veður með því að lesa á loftvoeg eina mikla, sem þar er. Úg dag nokkurn sýndist hinum þauvana veðurfræðing ferðarinnar sem útlit væri fyrir gott veður. Þá fórum við með sviflyftu upp í 3842 m hæð á stað, sem heitir Aiguille du Midi. fyrir utan það, að þarna er góð aðstæða til að venjast þunnu loftinu, er farid er að hrjá menn í þessari hæð, þá er þarna paradís fjallegingumannsins. Þarna eru klettar og tindar af öllum stærðum og gráðum, ísveggir, snjóbrekkur og sprungur, og oft allt blandað saman. Þarna eyddum við einum degi, og þar sem útlit var fyrir áframhaldandi gónðviðri, vildum við nota tækifærið og fara á Mont Blanc.

Við lögðum síðan af stað í býti næstamorgun, og tókum sviflyftu upp í 1800 m hæð og þaðan járnbrautarlest upp í 2300 m hæð. Leiðin, er við fórum upp, er költuð „the Ordinary Route“ eða „venjulega leiðin.“ Þar er hægt að fylgja stígum mest allan fyrri hluta leiðarinnar, sem er upp að Gouter skálunum í 3800 m hæð. Lítills háttar og létt klifur er efst á þessari leið, en





Ótsýni frá Aiguille du Midi: Grandes Jorasses í miðju og Dent du Geant til hægri.

ekki er ástæða til að vera í bandi, sé aðgáð höfð.

Miklu varasamara er hins vegar að fara niður, og þarna á leiðinni upp urðum við því niður vitni að sorglegum atburði af því tagi. Hópur manna kom gangandi niður á móti okkur, og er þeir voru á móts við okkur, ætlaði einn þeirra að stytta sér leið fyrir klettaasnös og fór út á varhugaverðan snjó. Skipti engum tagum, að hann rann til og datt og rann af stað. Hann reyndi síðan að stöðva sig með ísöxinni, en það var engin fyrirstæða í snjónum, svo að hann jók ferðina. Hann stefndi síðan beint út f urð, og þegar hann sá, hvað verða vildi, var eins og honum féllust hendur, hann sleppti óxinni og lenti í urðinni á mikilli ferd og hvarf sjónum okkar eftir það í loftküstum niður hlíðina.

Eftir að hafa horft upp á þetta, tóku menn að hreyfa sig, en flestir held ęg hafi gengið hægar og verið varari um sig en áður. Úpp í skála verum við síðan kommir um hádegi. Við áttum pontat rúm og þurftum því engu að kvíða, en okkur leist ekki á blikuna, þegar við sáum rafir af fólkis nálgast skálann. Undir kvíði var líka örðið svo pakkan í skálannum, að þegar menn tóku á sig náðir, var legið alls staðar, þar sem sléttur flötur var, uppi á bordum, undir bordum, öll gólf og gengar voru þakin fólk.

Allt þetta fólk átti sér eitt sem erindluð, en var allt á leið opp á Mont Blanc. Það vorð sví ekki komin til fjóruví, þegar mikil var ki. Út um nöttina, við komu allir samfnið, en úr sví vorð slíkur gaur manjur, að Íslendingarnir, sem eru vísir að hafa heftan skála út af fyrir síu, tefdu heftu við jafn flýja út. Það var svo rúmlega 3 um nöttina, sem við liggum til stað frá skálannum. Allir eru í bandi en aengjóð er með hafudljós. Þannig gengum við í tvær tangar klukkustundir, uns fór að birta. Það er fögur sjón að sjá sólarupprás úr svo mikilli hafi. Horfa ofan á fjallgarða í fjarska og sjá ótrúlega skoro líti mörkun-rodans, en niðri í dölunum, 4000 m neðar lá mistur, og hinn næturþokan var að byrja að dreifast tyrir fyrstu sólargeislunum.


Við komum svo á toppinn um kl. 07 um morguninn. Há var þar um 17°C frust, en svo til logn og bjart yfir, svo að skyngni var ótrúlega gott til allra átta. Við stoppuðum í ca. hálftíma uppi, en héldum síðan niður. Eftir þetta versnadi veður nokkuð og eyddum við næstu dögum í létt klifur og að æfa björgunartækni, sem okkur hafði verið kennd. Nú voru líka aðeins eftir Örfáir dagar af ráðstöfunartíma okkar, og þar sem við vorum eiginlega búinir að fá okkur fullsadda af fjallgöngum og klifri í bili, ákváðum við að fara að halda heim á leið. Við ókum síðan frá Chamonix til Luxembourg á einum degi og náðum flugi til Íslands næsta dag. Óg mikil ósköp var nú þægilegt að vera kominn heim.

Pétur Egísson

FINGURBJÖRG KLIFIN I FYRSTA SINN

Þann 31/8 sl. unnu þrír félagar úr ISALP, heir Arnór Guðbjartsson, Helgi Benediktsson og Pétur Ásbjörnsson, það afrek að klífa Fingurbjörgu í Mávabyggðum (1137 m) í A.-Skaft., fyrstir manna svo vitað sé. Heir félagar óku austur eftir þ. 30/8 og gengu samdægurs upp Mávabyggða-mórenuna frá Breidamerkursandri og tjólduðu undir fjöllunum um kvöldið. Morguninn eftir kinnuðu heir aðstæður og klifu síðan upp. Var allt m hætt klifur síðasti spölinn upp á tindinn að sunnan, bergið mygga laust og erfitt að finna fleygafestur, ekki síst neðan til. Klifrið tók 4 klst. Heir reistu vörðu á tindinum, héldu síðan niður og heim á leið. Gistu fyrst aðra nótt í Mávabyggðum og svo eina í Esjufjöllum.

The
Good Companions
Catalogue 1978



Black's of Greenock


AMERÍSKUR KARAKORUM LEIÐANGUR Á LATOK I 1978.

Karakorum fjallgarðurinn í Pakistan samanstendur af einum hrikalegustu tindum 8000 m háum og næst hæsta tindi í heimi, K-2, 8611 m. Í samanburði við Himalaya risann, þá hefur Karakorum marga mjög Jokkandi lægri tinda, og eru margir heirra mjög erfiðir. Eftirtektarverðastir eru Biafo tindarnir:

Ugre	7285 m
Latok I	7145 m
Latok II	7108 m
Point 6960	6960 m
Latok III	6946 m

Ameríski Karakorum leiðangurinn á Latok I samanstendur af George Lowe (leiðangursstjóri), Jim Donini (læknir), Jeff Lowe (tæki), Joe Wilson (matvæli) og Michael Kennedy (matvæli og birgðastjóri).

Ætla þeir að reyna að klífa Latok I, næst hæsta (og hæsta óklifna) tindinn í þessum hópi. Latok I er mjög tilkomumikið fjall, það er bratt með ísilögðum hlíðum og þverhníptum klettaveggjum, sem sagt ekki auðveld leid upp. Jafnvel auðveldasta leiðin upp gæti verið álíka erfið og erfiðasta leiðin í Norður-Ameríku. Veðrið er erfitt viðureignar og mun gera klifrið ennbá hættulegra.



Latok I

I megin atríðum ætla þeir að klifra í Alpastíl án fastalína, hæða-búða og birgðamanna eins og venjulega í Himalaya. Með þessu ætla heir að ryðja nýja braut í Himalayaklifri, því aldrei áður hefur tindur með svu háa hæðargráðu verið klifinn með þessari aðferð. Með því að fara með svo lítin flokk af fjallgöngumönnum, þá kostar leiðangurinn ekki nema 4,3 millj. ísl. kr. (14.000 \$).

Er til Pakistans kemur, munu þeir eyða viku í að kenna hermönnum í pakistanskum hernum að klifra. Það má því með sanni segja, að þetta er sterkasti ameríski fjallgöngumannaflokkurinn, sem heimsótt hefur Karakorum, og er það vonandi, að þeim takist etlunarverk sitt.

Hreinn Magnússon
Snævarr Guðmundsson

AF HÆÐARMÆLUM

Ekki er hægt að segja að hæðarmælir sé eins nauðsynilegt tæki og áttaviti, en áttavita þurfa allir fjallamenn að eiga og kunna til hlítar að nota. Eipi að síður er hæðarmælir mjög nytsamur, einkum fyrir fjallamenn. Ef þú ert á ferð í blinda þoku eða hríð, og sérð lítið frá þér, þá getur hæðarmælirinn gefið þér mikilsverðar upplýsingar og hjálpað þér að finna út hvar þú ert og fylgjast með hvernig þér miðar. Sjálfum finnst mér hæðarmælirinn vera bráðnauðsynlegur, og hef hann alltaf með í ferðir, og nota hann jaftnt á við áttavitann, ef skyggnið er lítið.

Vandaðir hæðarmælar eru mjög dýrir, og kosta allt að jafnvirði 10 áttavita, en samt finnst mér verjandi og revndar full ástæða til, að hvetja alla fjallamenn til að ráðast í þá fjárfestingu, ef þeir ráða við það.


Það er einkum ein tegund hæðarmæla, sem mest hefur borið á hérlandis. Þeir eru svissneskir og heita Thommen, vandaðir mælar og áreiðanlegir. Þar eð ég á sjálfur slíkan mæli og þau rit, sem ég hef stuðst við eiga við þá tegund, eiga þær lýsingar á innri gerð hæðarmæla, sem fara hér á eftir við Thommen mæla.

Hæðarmælir er raunar þrýstingsmælir, sem mælir loftþrýsting og byggir á því að þrýstingur andrúmsloftsins minnkar með aukinni hæð. Þetta stafar af því að þyngdar-kraftur jarðarinnar heldur lofthjúp utan um jörðina, og er hann þéttastur næst yfirborði jarðar, en gisnar er fjar dregur. Þetta veldur því að nota þarf súrefnistæki ef klifin eru mjög há fjöll eða flogið hátt, þar eð andrúms-loftið er orðið þunnt og þar með lítið súrefni (sem er um 20% af andrúmsloftinu).

Við staðalaðstæður er þyngd loftsúlu við sjávarmál jöfn þyngd 760 mm kvikasilfursúlu með sama þverskurðarflata-máli. Sá þrýstingur sem þessi þyngd veldur er skilgreindur sem ein loftþyngd. Í t.d. 1000 m hæð yfir sjávarmáli er loftþrýstingur minni, þar eð minni súla af lofti þrýstir á mælinn. Þetta samband milli loftþrýstings og hæðar yfir sjó hafa menn notfært sér við gerð hæðarmæla.

Virki hlutinn í hæðarmælinum, þ.e. það sem nemur loftþrýstibreytingar (hæðarbreytingar), er lofttæmd dós.

Dósin leggst saman undan auknum loftþrýstingi, en þenst út ef loftþrýstingur minnkar. Dósin er gerð úr málmblöndu, yfirleitt kopar-berryllium blöndu, og er söðin saman með elektrónugeisla til að losna við hitaverping, sem fylgir venjulegri suðu. Við dósina eru tengdir armur eða annar búnaður til að hreyfa vísinn á hæðarmælinum í samræmi við hreyfingar dósarinnar. Hreyfingar dósarinnar eru mjög litlar. Frá 0 m til 5000 m þenst dósin aðeins um 0.75 mm, en þær eru magnaðar um 800-900 sinnum svo að auðvelt sé að lesa af mælinum. Til þess að svona mikil mögnun geti orðið með góðri nákvæmni og sem minnstum núningi eru notaðir gimsteinar í liðamótum, líkt og í vönduðum úrum.



- 1 Lofttæmd dós, hjarta hæðarmælisins
- 2 - 5 Hreyfiarmar og liðamót
- 7 "Bi-metal" fjöldur, sem leiðréttir hitabreytingar

Vegna þess sem áður segir, að andrúmsloftið er þéttast næst jörðu, verður meiri þrýstingsmunur við 100 m hæðarbreytingu nálægt sjávarmáli, heldur en t.d. nálægt 3000 m hæð. Þ.e. 100 m súla af þéttu lofti er þyngri (þrýstir meira á) en 100 m súla af þunnu lofti. Með öðrum orðum, loftþrýstingurinn breytist ekki jafnt (línulega) með hæðarbreytingu. Vandaðir hæðarmælar taka þetta með í reikninginn

og leiðréttta fyrir þessu. Þá hreyfist vísirinn jafn mikil
við sömu hæðarhreyfingu allsstaðar á sviði mælisins, sem
venjulega er 0-5000 m. Þetta þýðir auðveldari aflestur
"hátt uppi" og sömu nákvæmni í hæðarmælingu á öllu sviði
mælisins.

Hæðarmælirinn er auðveldur í notkun, en samt eru nokkur
atriði sem geta valdið skekkju og röngum niðurstöðum.

Það er einkum tvennt, sem hafa þarf í huga. Loftþrýsti-
breytingar, aðrar en með vaxandi hæð, og hitastigsbreytingar.
Loftþrýstingur getur verið mjög misjafn í láréttu stefnu í
einhverri ákveðinni hæð og það sem verra er, getur verið
mjög breytilegur með tíma á einhverjum ákveðnum stað.

Þetta stafar af veðrabreytingum. Við Íslendingar erum
sérlega óheppnir hvað þetta snertir því Ísland er á braut
nær allra lægða, sem ferðast yfir N-Atlandshafið frá
N-Ameríku til N-Evrópu. Einkum er þetta slæmt á veturna, þá
fara lægðirnar austur um í röðum og geta farið framhjá
landinu á innan við sólarhring. Verða við það mjög örðar
loftþrýstingsbreytingar, sem gera nákvæmar hæðarmælingar
örðugar.

Af framangreindu má draga eftirfarandi lærdóm. Í
fyrsta lagi, ef þú ert á ferðalagi í nokkra klukkutíma
eða lengur, mátt þú eiga von á að loftþrýstingurinn hafi
breyst á meðan og rugli hjá þér hæðarmælingunni. Í öðru
lagi, ef þú ferðast langar vegalengdir (t.d. meira en 10 km)
getur þú átt von á að loftþrýstingurinn sé annar á ákvörðunar-
stað en á brottfararstað, þótt í sömu hæð yfir sjó sé.
Við þessu er nánast bara eitt ráð. Það er að leiðréttta
hæðina á þekktum stöðum, sjá landakort, t.d. á klukkutíma
fresti eða á 2-3 km bili.

Hitastig er annar skekkjuvaldur. kalt loft er þyngra
(þéttara) en heitt loft. Af því leiðir að hiti loftsins,
sem farið er um hefur áhrif á loftþrýstingsbreytinguna.
Hæðarmælirinn er kvarðaður fyrir svokallað staðlað andrúms-
loft, en þá er gert ráð fyrir að hiti sé 15°C við sjávarmál
og minnki jafnt (línulega) í $+56.6^{\circ}\text{C}$ í 11.000 m hæð, þ.e.
hiti minnkar um $0.65^{\circ}\text{C}/100$ m. Einnig er gert ráð fyrir að

rakastig loftsins sé 0°C . Út frá þessu er auðvelt að reikna út hitastigið, sem á að vera í einhverri ákvæðinni hæð skv. staðlaða andrúmsloftinu, skv. eftirfarandi jöfnu.
 $\text{Hiti} = 15^{\circ}\text{C} + 0.0065^{\circ}\text{C}/\text{m} \times \text{hæðarbreytingu í m}$
þ.e. lækkar u.p.b. $2/3^{\circ}\text{C}/100 \text{ m}$.

Ef hiti loftsins sem farið er um er kaldara (og þar með þyngra) en staðlaða loftið á sama hæðartili, sýnir hæðarmælirinn of mikil þrýstingsbreytingu, þ.e. sýnir meiri hæðarbreytingu en þú raunverulega fyrst. Þetta snýst við ef loftið er hlýrra en staðlaða loftið og sýnir mælirinn þá of litla hæðarbreytingu.

Út frá otangreindu má finna út, að raunverulegur hæðarmunur er 3.6 o/oo (3.6 þúsundstu) meiri eða minni en hæðarmælirinn sýnir, ef meðalhiti loftsins sem ferðast er um er 1°C hærri eða lægri en staðlaða loftsins á sama hæðibili.

Nú er það svo að rakastig loftsins breytist líkt og hitastig þess, og er þar komin ein breytistærð enn. Í staðlaða loftinu var gert ráð fyrir 0% rakastigi. En til að gera tilraun til að leiðréttu fyrir rakastigini er yfirleitt notuð talan 4 o/oo hækjun eða lækkun á 1°C í stað 3.6 o/oo .

Þetta má draga saman í einfalda reglu: Hæðarmuninn sem hæðarmælirinn sýnir þarf að AUKA um $4 \text{ o/oo}/1^{\circ}\text{C}$ þegar meðalhiti loftsins, sem farið var um er HERRI en staðlaða loftsins, og MINNA um sama, þegar hitinn er LAGRI.

Ró ofangreindar aðferðir og útreikningar séu út af fyrir sig ekki flóknir, þá nennir maður ekki að vera að hitamæla eða reikna út á fjallgöngu. Þá er eftir eitt ráð til að leiðréttu fyrir hitastigsáhrifum, þ.e. að stilla inn réttu hæð nokkrum sinnum á leiðinni á þekktum stöðum. Þá slærð þú að minnsta kosti tvær flugur í einu höggi, leiðréttir fyrir áhrifum hitastigs og loftþrýstibreytinga á hæðarmælinguna.

Rétt er að skjóta því að, að lofthiti hér á landi er yfirleitt mun lægri en í staðlaða loftinu (15°C við sjávarmál). Samkvæmt ofanrituðu (og minni reynslu) sýnir hæðarmælirinn yfirleitt of mikinn hæðarmun.

Unnt er að hafa fleiri not af hæðarmæli en að mæla hæðarmun eða hæð yfir sjávarmáli. Þá er átt við að hægt er að fylgjast með veðurbreytingum og sjá þær fyrir, þ.e. gert veðurspá á grundvelli almennrar þekkingar á veðurfræði.

Eins og að framan greinir verða miklar loftþrýsti-breytingar samfara veðurbreytingum, sem stafa af hreyfingu veðrakerfa, lægða og hæða. Með því að fylgjast með hæðarmælinum getur þú séð hvort loftþrýstingur fer hækandi eða lækkandi, hvort lægð er að nálgast eða fjarlægjast.

Ef loftþrýstingurinn hefur verið fallandi og komnar eru skúrir, og þrýstingurinn fer að falla hraðar, eru líkur á að stutt sé í rigninguna. Ef rigningin er gengin hjá en skúrir hanga yfir og loftþrýstingurinn fer hækandi, eru líkur á að hann bresti á með brakandi þurrki. Veðurfræði er auðvitað ekki svona einföld, en þetta er samt ekki alveg fjarri lagi.

Heimildir: The Barometric Measurement of Altitude,
útgáfud af Revue Thommen Ltd., Sviss

The Sportsman's Altimeter/Barometer,
eftir William J Peet II, útgáfud af
Peet Bros. Company, U.S.A.

Guðmundur Ingi Haraldsson

MESSNER FÉKK GULL-„ALFREÐ”

Útgáfufyrirtækið, sem gefur út tímaritið MAI, ákvæð nýlega að sáma Reinhold Messner gull-„Alfred Newman” mánadarsins fyrir það frábæra afrek að klífa Mount Everest án hjálpar súrefnis, ásamt félaga sínum Peter Habeler.



Messner tekur við „Alfreð”
úr hendi útgáfustjóra MAI.

Sighvatur Blöndahl

ÖNEFNDUR OG ÖKLIFINN


Nýverið tókst tékkneskum fjallgönguleiðangri að sigrast á önefnum og éklifnum tindi, 7816 m háum í Karakorum. Leiðangurinn, sem f voru 11 menn, komst á tindinn þ. 4. ágúst sl., og náðu allir leiðanqursmenn honum sama daqinn.

Sighvatur Blöndahl

Allt í útilífið

Yfir 20 gerðir af bakpokum

KLIFURVÖRUR



Core-Tex
laminate
FATNAÐUR
OG
BAKPOKAR
FRÁ
berghaus



Útilíf

GLÆSIBÆ
SÍMI 30350

FJALLALÍNUR

LÍNAN

Eitt af því þýðingarmesta f útbúnaði í jalllgöngumánum er línan. Til eru margar gerðir og misjafnar að meðumi. Nú eru algengastar línur af "kjarnakápu"-gerð (kerimantel), en áður voru snúnar línur eingöngu notaðar. Hér verður einungis fjallað um kjarnakápu línurnar. Þær eru þannig upp byggðar að kjarninn er samsettur úr nokkrum vöndum, sem hver um sig er gerður af þúsundum þráða, sem eru heilir enda á milli f línum, en utan um hann er ofin kápa honum til hlífðar (sjá mynd). Í t.d. 11 mm línu geta verið 50.000



þráðir í kjarnanum og 25.000 þráðir í kápunni og í 40 m af slíkri línu eru því um 3.000 km af þráði. Kjarninn þarf að vera meira en helmingur af þyngd línunnar.

Kápan þarf að vera þétt ofin um kjarnann. Ef hún er það ekki, er hætta á að hún renni til á kjarnanum og eiginleikar línunnar breytast, og verra verður að nota hana. Það sést best á endunum ef kjarninn er laus innan í. Þessar línur eru gjarnan úr Perlon.

Við núnning línu um klettasnásir og brúnir dragast til þráðirnir f kápunni og myndast gjarnan litlir bogar á yfirborðinu og línan trosnar. Þetta veldur því að línan styttist oft um 3-5% og hetur þau áhrif að hún verður stíffari.

Við notkun þá togna línan smám saman varanlega að einhverju marki, t.d. þegar sigið er eða þegar línan er notuð sem föst lína. Flestar línur togna lítilsháttar u.p.b. 4% ef meðal þungur maður sígur hægt í línunni.

Við notkun línunnar þarf að gæta þess að ekki myndist snúningur um langás hennar. Þessi snúningur getur myndast ef línan er gerð rangt upp eða t.d. klifrari snýr sér í hringi um langásinn. Lína sem er snúin, er leiðinleg f meðförum og flækist gjarnan.

Öldrun á sér stað í línum bæði vegna áraunar og loftslags. Notkunartíminn er háður meðferð, hönnun, bergtegund og fjölda klifurferða sem línan er notuð við. Venjuleg lína á að endast í nokkur ár, en ef hún verður fyrir miklu togí t.d. við fall eða hún merst vegna grjóthruns eða stigið er á hana með mannbrotum, þá ætti að leggja línuna til hliðar og hætta að nota hana vegna öryggisástæðna.

Útfjólublátt ljós í sólargeislum hefur skemmandi áhrif á línur. Þessi geislun vex með hæð. Hægt er að verja efnið í línunum, sem er Perlón, gegn þessu, en kápan verkjarnann að hluta. Hlutfallslegar skemmdir, sem verða á línunum vegna geislanna, eru minni en sú skemmd, sem verður vegna trosnunar.

Við notkun hitna línur vegna núnings við karabínur eða vegna núnings við tryggingu eða þegar sigið er. Ef hitinn verður of mikill þá bráðnar línan og getur slitnað. Athuganir sýna að ef nylónína er sett í vatn og síðan fryst við -40°C þá tapar hún um 40% styrkleika síns. Íví þarf að hafa tvær línur í slíku frosti ef þær eru úr nyloni. Hins vegar haga Perlónlínum sér ekki eins illa. Í frosti vex slitþol þeirra lítils háttar, línan verður stirðari í beygjum og eiginleiki línunnar til að dragast saman eftir átak minnkars. Línan nær svo fyrri eiginleikum sínum jafnskjótt og hún hitnar aftur.

FALLSTUÐULL

Fallstuðull segir til um gráðu fallsins eða lengd fallsins. Fallstuðullinn jafngildir frjálsu falli í metrum deilt með fjölda metra, sem gefnir eru út.

Dæmi: Forgöngumaður hefur klifrað 10 m upp fyrir félaga sinn, sem tryggir hann. Ef forgöngumaðurinn dettur þá getur hann fallið 20 m, þ.e. 10 m niður fyrir félagann. Íví er fallstuðullinn = $\frac{\text{lengd falls}}{\text{útgefin lína}} = \frac{20}{10} = 2$.

Ef forgöngumaðurinn í dæminu á undan hefði notað millitryggingu 5 m ofan við félagann og félli þegar hann væri kominn 10 m upp fyrir félagann eins og áður þá yrði fallvegalengd hans $2 \times 5 \text{ m} = 10 \text{ m}$, (hann félli 5 m niður fyrir millitrygginguna), og fallstuðullinn = $\frac{10}{10} = 1$. Fallstuðullinn verður minnstur 0 og mestur 2.

Fegar lína er notuð til þess að stöðva fall på tornar hún. Þannig er 11 mm lína getur þolað u.p.b. 60% tögnun áður en hún slitnar eða við rúmlæga 2000 kp. Et engir hnútar eru á línumni. Hins vegar ef það eru hnútar á línumni, þá minnkar styrkleiki hennar 20-40%. Sama er að segja um karabínur og annað, sem línan bognar um. Þess vegna er raunverulegur slitstyrkur þessarar 11 mm línu nálægt 1500 kp.

STAÐLAÐ FALL

Til er hugtakið staðlað fall. Tilgangurinn með slíku falli er meðal annars að geta prófað línum frá mismunandi framleiðendum og borið þær saman. Fallið er staðlað af UIAA (Union Internationale des Association d'Alpinisme), og ef ákveðin línutegund uppfyllir skilyrði fallsins þá fær sú lína viðurkenningu frá UIAA (sjá mynd).



Framhlið



Afturhlið

Skilyrðin eru að mesti fallkraftur (impact force, Fangstoss) í fallinu verði ekki meiri en 1200 kp fyrir heillínu og 600 kp fyrir hálfínu og línan geti þolað a.m.k. 2 slík föll. Með heillínu er átt við línu sem er nægilega

sterk til þess að óhætt sé að nota hana eina sér t.d. 11 mm línu. Með hálfínu er átt við grennti línu, 9 mm, en þá þarf að nota tvær línum saman á sérstakan hátt, en það er oft gert við erfitt klifur.

Í fallinu fyrir heillínu er 80 kp 168 (40 kg fyrir hálfínu) látið falla 5 m, str. mynd. Fasti endinn er hafður óeftirgefánlegur. Fannig fæst fram mesti fallkraftur vegna fallsins (maður sem tryggði gæfi út einhverja línu við bremsunina) og það er eingöngu línan, sem dregur úr fallinu.



STAÐLAÐ FALL

Við fallið fást eiginleikar línumnar gagnvart karabínu í upphenginu og hnút en lóðið er hnýtt við línumna með pelistikki. Eftir 5 m fall hefur lóðið náð 36 km/klst hraða og stöðvast á u.p.b. 1 sek. og er hröðunin á þessari sek. rúmlega 10 föld þyngdarhröðun sem getur varla talist þægilegt.

Samkvæmt kröfum á mesti kraftur að vera ekki meiri en 1200 kp en dæmigerð 11 mm lína hefur nálægt 900 kp og tognar við þetta fall nálægt 35%.

Fallstuðull í þessu staðlaða falli er $\frac{5\text{m}}{2,80\text{m}} = 1,78$, sem er nálægt hámarki.

Þegar klifrari hefur fallið allt frjálsa fallið þá fer línan að strengjast og eykur smám saman bremsukraftinn og hægir á fallinu. Þessi kraftur nær hámarki, mesta fallkrafti. Þegar hinn fallandi hlutur hefur flutt alla hreyfiorku sína yfir í línumna þ.e. við lok fallsins. Línan skilar þessari orku frá sér á ýmsa vegu. Sumu skilar hún strax aftur með því að dragast saman og lyfta klifraranaum upp aftur og getur hann sveiflast upp og niður um stund. Hluta af orkunni skilar línan af sér sem hita og þá vegna núnings t.d. við berrið, hnútar herðast, núningur þráða í kjarnanum og vegna núnings við þann sem tryggir. Við allt þetta getur línan hitnað um nokkrar gráður.

Hluti af orkunni fer í varanlegar breytingar á efnum í línumni. Þetta breytir eiginleikum hennar á þann veg að hæfileiki línumnar til að draga úr falli minnkar.

MEDFERD

Meðhöndlið línum varlega og hafið hugfast að þær eru til þess að auka öryggi ykkar. Þegar leiðir eru lagðar gætið þess þá að láta línumna ekki liggja yfir skarpar brúnir, sem gætu skorið línumna í sundur við fall. Það er oft hægt að koma í veg fyrir það með því að nota lykkjur (slings) eða hagræða fleygum.

Aldrei skyldi nota línu til að draga býla eða þunga hluti því þá tognar línan um of og er ekki nothaef sem klifur lína á eftir.



Tvær aðferðir til að gera upp línur

Línur úr ferlon er best að geyma á köldum, þurrum og myrkum stað. Sýrur og sterk hreinsietni ættu ekki að vera geymd nærri línumni. Þeir eru hnútar á línumni þá á að losa þá og athuga hvort línan hafi skaddast við notkun. Þeir verður mjög óhrein eða söndur, þá ætti að þvo hana. Það er jafnvel hægt að gera í þvottavél, en hitinn má ekki fara yfir 60°C. Óhætt er að þeytivinda línumna á eftir. Þegar hún er þurrkuð þá á að gera það fjarri ofnum og best er að hafa línumna í hrúgu, ekki strekta.

Þegar línan er í nötkun þá þarf að ræta þess að ekki sé stigið á hana og síst á mannbroddum, og hafa skal í huga að línan er öryggistaki.

Heimildir: A Guide to Mountaineering Ropes, útgáfud af Edelrid

Die Anwendung des Seiles, eftir Pit Schubert
Nylon Rope and Climbing Safety, eftir K. Tarbuck.


Einar Hrafnkell Haraldsson

ALPARNIR AÐ VERÐA TRÚÐNIR EINS OG MARKAÐSTORG

Þegar fjallgöngumenn alls staðar af hnettinum safnast saman í Ülpunum hverja einstu hélgi sumarsins, eru fjallatopparnir orðnir eins og troðin markaðstorg, og ástandið er oft á tíðum svo slæmt, að menn verða að bíða í löngum biðröðum eftir því að komast á tindinn.

Þetta ástandi hefur skapað mjög aukna slysaþættu, og þegar við bætist hið gífurlega fannfergi eins og í sumar er ekki að sökum að spyrja. Aldrei hafa jafn margir týnt lífinu í fjallgöngum í Sviss fyrr, eða yfir 200 manns, það sem af er árinu. T.d. létu alls 25 manns lífið um helgina 5.-6. ágúst sl. í Alpalöndunum Sviss, Frakklandi og Ítalíu. Einn þeirra var Jean Juge, einn fremsti fjallgöngumaður Sviss gegnum árin og fyrrverandi formaður Alþjóðasamtaka Alpaklúbba, 70 ára að aldri. Hann lést úr vosbúð rétt undir tindi Matterhorns.

Ekki bætti það ástandið í sumar, að sumarið kom óvenju seint, og menn því farnir að bíða óþreyjufullir. Geysimikið hefur verið um snjóflóð fyrri hluta sumars, sem hafa tekið sinn toll af mannslítum. Í því sambandi hafa fjallaleiðsögumenn leitt að því getum, að þriðjungur þeirra, sem týnt hafa lífinu í sumar, hafi gert það í snjóflóðum.



Gott dæmi um örtröðina í Ülpunum - á tindi Monte Rosa



Björgunarpýta frá Flughjörgunarsveitinni í Zermatt að störfum við Matterhorn

Þá hafa svissnesku fjallaleiðsögumennirnir gagnrýnt mjög þarófega allan þáum fjöldi erlendra fjalllúningumanna, sem í Alpum koma til Útbúnir og hafa ekkert kynnt sér alstæður og leinir. Sérstaklega gagnrýna heir Þjóðverja og Japani, sem heir seðju mætu hreinlega í „smoking“ og ætla svo að klæða sig upp á staðnum og hlaupa af stað. Jafnvel eru þekkt dæmi þess, að Japanir hafi mætt á staðinn og hafi aldrei séð fjall á sinni lífsfæðri övi.

Beat Perren, yfirmaður björgunarsveitanna í Zermatt, hefur sagt, að undirrót langflestra óhappa megi rekja til reynsluleysis-
is viðkomandi og hūrmullega lélegs búnaðar. Þá sé fjöldi manna á fjöllunum hverju sinni út í hött, t.d. sé þau algengt á góða-
viðrislöggum um helgar, að lítið manns reyni við Matterhorn í
einu. Það gefur alveg auga leið, að slíkt hefur qífurlega slysa-
hættu í fór með sér. Hagnar verst lætur, má líkja Matterhorni
við Piccadilly Circus í London yfir mesta ferjumannatímann. Sem
dæmi um heldur dapurt ástand hefur Perren sagt frá tveimur Eng-
lendingum, er hann og menn hans sóttu fyrir skömmu á tind Matter-

horns, þar sem heir komust hvorti aftur á bak ný á fríðum meina versnandi aðstæðna. Þig viti menn, heir voru ekki með neitt af því, sem kallast getur Tágmarksútbúnaður, s.s. mannbrottið, ísöxi, lína, fleygar eða ísskrúfur.

Að síðustu er kannske ekki úr vegi að skjóta því að íslenskum fjallgöngumiönnum, sem í æ ríkara mali leggja leit sín í Alpana, að kynna sér allar aðstædur gaumgætilega, t.d. er hægt að fá slíkar upplýsingar hjá eða í gegnum stjórn ISALP.

Sighvatur Blöndahl

SMAAUGLÝSINGAR

Til sölu:

Önotuð og sem ný 9 mm ELITE-jökla- og klifur-lína, lengd 40 m. Hagstætt verð. Upplýsingar hjá Guðjóni Ó. Magnússyni, sími 36059.

Til leigu:

ISALP hefur eignast eitt par af vondumum, stilltanlegum SALEWA-mannbroddum, einnig vandaða og lipra ísöxi. Hægt er að fá þennan útbúnað leigðan hjá stjórninni um lengri eða skemmmri tíma. Fyrirhuguð helgarleiga fyrir broddana eða ísoxina er kr. 1.000, annars skv. samkomulaði.

Um auglýsingarnar:

Stjórn ISALP hefur ákveðið að gefa félögum kost á að auglýsa útbúnað til sölu í blaðinu, þeim að kostnaðarlausu. Ritnefndin tekur við auglýsingum og gefur nánari upplýsingar.

FERÐIR OG FUNDIR ISALP SEPT.-DES. 1978

20. sept. miðvikudagur: Félagsfundur

Almennur fundur - sýndar verða skumulmyndir frá ferðum félaga í sumar og nýjungar í útbúnaði. Fundurinn verður í Slysavarnarhúsinu við Gröndagard og hefst kl. 20³⁰.

24. sept. sunnudagur: Norðurhlið Vífilsfells

Páttakendur hittast á Sandskeiði um morguninn. Nánari upplýsingar á fundinum 20. sept. Umsjón með ferðinni hefur Heiði Benediktsson, sími 86139 og 12045.

14.-15. okt. laugard.-sunnud: Byrjendanámskeið í klifri

Miðvikudaginn 11. okt. verður farið yfir helstu undirstöðum átriði námskeiðsins í Gróubúð - kl. 20³⁰. Á laugardagi og sunnudegi verður farið til Þingvalla, og þær verða æfingar úti. Umsjón hefur Pétur Ásbjörnsson, sími 41428, og verða páttakendur að hafa samband við hann í síðasta lagi þriðjud. 16. okt.

4.-5. nóv. laugard.-sunnud: Eyjafjallajökull-Gígljökull

Tilhögun ferðarinnar verður rædd á fundi miðvikud. 25. okt. kl. 20³⁰ í Gróubúð, og verða lysthafendur að koma þangað eða tala við Þórir Ágisson, sími 31293, sem hefur umsjón með ferðinni, fyrir þann tíma.

22. nóv. miðvikud: Félagsfundur

Almennur fundur í Slysavarnarhúsinu kl. 20³⁰. Efni: Myndir og fræðsluefnir.

1.-3. des. föstud.-sunnud: Tindfjöll

Rætt verður um ferðina á fundinum 22. nóv. Umsjón hefur Rúnar Nordquist, sími 52785 og 12520. Farið verður á föstudaukvíld úr henum. Væntanlegir páttakendur komi á fundinn eða hafi samband við Rúnar fyrir þann tíma.

VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Camp
Trails



ajungflak.



Black's
of Greenock

ultimaté

Persboot - Gallbier

SALEWA

Kasthnger



SKÁTABÚÐIN

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af Hjálpar sveit Skáta Reykjavík

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERDAMENN.